

TILSKIPUN RÁÐSINS 98/24/EB

frá 7. apríl 1998

um að tryggja öryggi og vernda heilsu starfsmanna gegn áhættu vegna efnafræðilegra áhrifavalda á vinnustað (fjórtaða sértilskipun í skilningi 1. mgr. 16. gr. tilskipunar 89/391/EBE)

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

meginreglum til þess að gera öllum aðildarríkjunum kleift að fullnægja lágmarkskröfunum með sama hætti.

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 118 gr. a,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ⁽¹⁾, sem samin var að höfðu samráði við ráðgjafarnefndina um öryggi, hollustuhætti og heilsuvernd á vinnustöðum,

með hliðsjón af álit efnahags- og félagsmálanefndarinnar ⁽²⁾,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 189. gr. c í sáttmálanum ⁽³⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í 118. gr. a í sáttmálanum er kveðið á um að ráðið skuli samþykkja, með útgáfu tilskipana, lágmarkskröfur til að stuðla að umbótum, einkum að því er varðar vinnuumhverfi, til að tryggja betur öryggi starfsmanna og vernda heilsu þeirra.
- 2) Samkvæmt þeirri grein skal í þessum tilskipunum forðast að leggja á hömlur á sviði stjórnsýslu, fjármála eða löggjafar sem gætu staðið í vegi fyrir stofnun og vexti lítilla og meðalstórra fyrirtækja.
- 3) Umbætur er varða öryggi, hollustuhætti og heilsuvernd starfsmanna á vinnustöðum er markmið sem má ekki víkja frá af hreinum efnahagsástæðum.
- 4) Með því að virða lágmarkskröfur um að tryggja öryggi starfsmanna og vernda heilsu þeirra gegn áhættu, sem tengist efnafræðilegum áhrifavöldum, er ekki einvörðungu stefnt að því að tryggja öryggi og heilsuvernd einstakra starfsmanna heldur einnig að tryggja öllum vinnandi mönnum innan bandalagsins lágmarksvernd og koma í veg fyrir hugsanlega röskun á sviði samkeppni.
- 5) Nauðsynlegt er að ákveða fyrir bandalagið í heild sams konar varnir gegn áhættu sem tengist efnafræðilegum áhrifavöldum. Verndin skal ekki vera í formi ófrávíkjanlegra krafna heldur skal hún koma fram í almennum

- 6) Vinna, sem tengist efnafræðilegum áhrifavöldum, hefur í för með sér áhættu fyrir starfsmenn.
- 7) Tilskipun ráðsins 80/1107/EBE frá 27. nóvember 1980 um verndun starfsmanna gegn áhættu vegna efna-, eðlis- og líffræðilegra áhrifavalda á vinnustöðum ⁽⁴⁾, tilskipun ráðsins 82/605/EBE frá 28. júlí 1982 um verndun starfsmanna gegn áhættu vegna áhrifa af blýmálmi og jónsamböndum hans á vinnustöðum (fyrsta sértilskipun í skilningi 8. gr. tilskipunar 80/1107/EBE) ⁽⁵⁾ og tilskipun ráðsins 88/364/EBE frá 9. júní 1988 um verndun starfsmanna með því að banna tiltekna áhrifavalda og/eða tiltekna verkþætti (fjórða sértilskipun í skilningi 8. gr. tilskipunar 80/1107/EBE) ⁽⁶⁾, ætti, fyrir samkvæmni og skýrleika sakir og liggi til þess tæknilegar ástæður, að endurskoða og fella saman í eina tilskipun er mæli fyrir um lágmarkskröfur um öryggi og heilsuvernd starfsmanna að því er varðar vinnu er tengist efnafræðilegum áhrifavöldum. Þessar tilskipanir má fella úr gildi.
- 8) Þessi tilskipun er sértilskipun í skilningi 1. mgr. 16. gr. tilskipunar ráðsins 89/391/EBE frá 12. júní 1989 um lögleiðingu ráðstafana er stuðla að bættu öryggi og heilsu starfsmanna á vinnustöðum ⁽⁷⁾.
- 9) Ákvæði téðrar tilskipunar gilda að fullu um váhrif frá efnafræðilegum áhrifavöldum sem starfsmenn verða fyrir, samanber þó strangari ákvæði og/eða sérákvæði þessarar tilskipunar.
- 10) Strangari ákvæði og/eða sérákvæði um flutning hættulegra efnafræðilegra áhrifavalda, sem er að finna í bindandi, alþjóðlegum samningum af ýmsu tagi, hafa verið felld inn í ákvæði bandalagsins um flutninga á hættulegum farmi á vegum, járnbrautum, vatnaleiðum og í lofti.

⁽¹⁾ Stj.É. EB C 165, 16. 6. 1993, bls. 4.

⁽²⁾ Stj.É. EB C 34, 2. 2. 1994, bls. 42.

⁽³⁾ Álit Evrópuþingsins frá 20. apríl 1994 (Stj.É. EB C 128, 9. 5. 1994, bls. 167), sameiginleg afstaða ráðsins frá 7. október 1997 (Stj.É. EB C 375, 10. 12. 1997, bls. 2) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 17. febrúar 1998 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB).

⁽⁴⁾ Stj.É. EB L 327, 3. 12. 1980, bls. 8. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 88/642/EBE (Stj.É. EB L 356, 24. 12. 1988, bls. 74).

⁽⁵⁾ Stj.É. EB L 247, 23. 8. 1982, bls. 12.

⁽⁶⁾ Stj.É. EB L 179, 9. 7. 1988, bls. 44.

⁽⁷⁾ Stj.É. EB L 183, 29. 6. 1989, bls. 1.

- 11) Í tilskipunum 67/548/EBE⁽¹⁾ og 88/379/EBE⁽²⁾ um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnslufluyfirmælum um flokkun, þökkun og merkingu hættulegra efna annars vegar og hættulegra efnablandna hins vegar, mælti ráðið fyrir um viðmiðanakerfi fyrir flokkun hættulegra efna og efnablandna.
- 12) Skilgreiningin á hættulegum efnafræðilegum áhrifa-valdi skal taka til allra efna, sem uppfylla þessar viðmiðanir, auk allra efna sem hafa áhættu í för með sér að því er varðar öryggi og heilsu starfsmanna á grundvelli eðlisefnafræðilegra, efnafræðilegra og eiturefnafræðilegra eiginleika sinna og notkunar eða tilvistar þeirra á vinnustað, enda þótt þau uppfylli ekki viðmiðanirnar.
- 13) Í tilskipun 90/492/EBE⁽³⁾ skilgreindi framkvæmdastjórnin og mælti fyrir um kerfi sértækra upplýsinga um hættuleg efni og efnablöndur í formi öryggisgagna, sem eru einkum ætluð notendum í atvinnulífínu og eiga að gera þeim kleift að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja öryggi og vernda heilsu starfsmanna. Í tilskipun ráðsins 92/58/EBE frá 24. júní 1992 um lágmarkskröfur um uppsetningu öryggis- og heilbrigðismerkja á vinnustöðum (núnda sértilskipun í skilningi 1. mgr. 16. gr. tilskipunar 89/391/EBE)⁽⁴⁾ er mælt fyrir um kerfi til að merkja geyma og pípur undir hættuleg efni eða efnablöndur á vinnustað.
- 14) Vinnuveitandi skal meta hvaða áhættu hættulegir efnafræðilegir áhrifavalda á vinnustað geta haft í för með sér að því er varðar öryggi og heilsu starfsmanna til að unnt sé að sinna nauðsynlegum forvörnum og gera þær verndarráðstafanir sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun.
- 15) Þær forvarnir sem áhættumat leiðir í ljós að séu nauðsynlegar og vinnuveitandi gerir skulu samræmast þeirri nauðsyn að vernda heilsu fólks og umhverfið.
- 16) Til viðbótar þeim upplýsingum, sem starfsmenn fá til þess að auka öryggi sitt, er nauðsynlegt að þeir fái upplýsingar um áhættuna sem efnafræðilegir áhrifavalda geta haft í för með sér að því er varðar öryggi þeirra og heilsu auk upplýsinga um ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til þess að draga úr áhættunni eða útiloka hana svo að þeir geti sjálfir fylgst með því að verndarráðstafanirnar séu gerðar.
- 17) Ef niðurstöður úr framangreindu mati leiða í ljós áhættu fyrir heilsu starfsmanna getur heilbrigðiseftirlit verið hluti af þeim forvörnum og verndarráðstöfunum sem vinnuveitanda er ætlað að gera.
- 18) Vinnuveitandi skal láta fara fram mat og mælingar með reglubundnu millibili og fylgjast með tækniframförum í því skyni að bæta öryggi og heilsuvernd starfsmanna.
- 19) Óháðir vísindamenn skulu meta nýjustu vísindagögn og aðstoða þannig framkvæmdastjórnina við að ákvarða viðmiðunarmörk fyrir váhrif í starfi.
- 20) Enda þótt vísindaleg þekking kunni í sumum tilvikum að vera ónóg til að unnt sé að setja tiltekið lágmark fyrir leyfileg mörk váhrifa frá efnafræðilegum áhrifavöldum og fullyrða að undir þeim mörkum sé engin áhætta þeim samfara fyrir heilsu manna, verður áhættan þó minni ef dregið er úr möguleikum á því að starfsmenn verði fyrir váhrifum frá þessum efnafræðilegu áhrifavöldum.
- 21) Í tilskipunum 91/322/EBE⁽⁵⁾ og 96/94/EB⁽⁶⁾ setti framkvæmdastjórnin leiðbeinandi viðmiðunarmörk, eins og kveðið er á um í tilskipun 80/1107/EBE. Fyrri tilskipanir skulu áfram vera hluti af gildandi laga-ramma.
- 22) Framkvæmdastjórnin skal leggja drög að nauðsynlegri tæknilegri aðlögun þessarar tilskipunar, í samvinnu við nefndina, sem komið var á fót með tilskipun 89/391/EBE, til að aðstoða framkvæmdastjórnina við tæknilega aðlögun sértilskipana þeirra sem samþykktar voru innan ramma þeirrar tilskipunar. Framkvæmdastjórnin skal einnig leggja drög að hagnýtum leiðbeiningum um beitingu þessarar tilskipunar, að höfðu samráði við ráðgjafarnefnd um öryggi, hollustuhætti og heilsuvernd á vinnustöðum í samræmi við ákvörðun 74/325/EBE⁽⁷⁾.
- 23) Niðurfelling tilskipunar 80/1107/EBE má ekki leiða til þess að dregið verði úr núverandi stöðlum um vernd starfsmanna gegn eðlis-, efna- og líffræðilegum áhrifavöldum. Staðlar, byggðir á gildandi tilskipunum um líffræðilega áhrifavalda, fyrirhugaðri tilskipun um eðlisfræðilega áhrifavalda, þessari tilskipun og hvers kyns breytingum á þessum textum, skulu endurspegla og að minnsta kosti viðhalda þeim stöðlum sem settir eru í áður nefndri tilskipun.

⁽¹⁾ Stjtið. EB 196, 16. 8. 1967, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 96/56/EB (Stjtið. EB L 236, 18. 9. 1996, bls. 35).

⁽²⁾ Stjtið. EB L 187, 16. 7. 1988, bls. 14. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 96/65/EB (Stjtið. EB L 265, 18. 10. 1996, bls. 15).

⁽³⁾ Stjtið. EB L 275, 5. 10. 1990, bls. 35.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 245, 26. 8. 1992, bls. 23.

⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 177, 5. 7. 1991, bls. 22.

⁽⁶⁾ Stjtið. EB L 338, 28. 12. 1996, bls. 86.

⁽⁷⁾ Stjtið. EB L 185, 9. 7. 1974, bls. 15. Ákvörðuninni var síðast breytt með aðildarlögum frá 1994.

24) Tilskipun þessi er liður í eiginlegri framkvæmd félagsmálaþáttar innri markaðarins.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

I. ÞÁTTUR

ALMENN ÁKVÆÐI

1. gr.

Markmið og gildissvið

1. Í þessari tilskipun, sem er fjórtánda sértilskipun í skilningi 1. mgr. 16. gr. tilskipunar 89/391/EBE, eru settar fram lágmarkskröfur um vernd starfsmanna gegn núverandi eða síðari áhættu vegna efnafræðilegra áhrifavalda á vinnustað eða hvers kyns vinnu, sem tengist efnafræðilegum áhrifavöldum, að því er varðar öryggi þeirra og heilsu.

2. Kröfur þessarar tilskipunar gilda þar sem hættulegir efnafræðilegir áhrifavalda eru eða kunna að vera til staðar á vinnustað, með fyrirvara um ákvæði um efnafræðilega áhrifavalda sem um gilda ráðstafanir um geislavarnir samkvæmt tilskipunum sem samþykktar voru samkvæmt sáttmálanum um stofnun Kjarnorkubandalags Evrópu.

3. Ákvæði þessarar tilskipunar skulu gilda um krabbameinsvalda á vinnustað, samanber þó strangari ákvæði og/eða sérákvæði sem eru sett með tilskipun 90/394/EBE frá 28. júní 1990 um verndun starfsmanna gegn áhættu vegna áhrifa af krabbameinsvöldum á vinnustað (sjötta sértilskipun í skilningi 1. mgr. 16. gr. tilskipunar 89/391/EBE) ⁽¹⁾.

4. Ákvæði tilskipunar 89/391/EBE gilda að fullu á öllum sviðum sem um getur í þessari grein, samanber þó strangari ákvæði og/eða sérákvæði sem þessi tilskipun felur í sér.

5. Ákvæði þessarar reglugerðar skulu gilda um flutning hættulegra efnafræðilegra áhrifavalda, samanber þó strangari ákvæði og/eða sérákvæði, sem felast í tilskipun 94/55/EB ⁽²⁾, tilskipun 96/49/EB ⁽³⁾, IMDG-flokkunarkerfinu, IBC-flokkunarkerfinu og IGC-flokkunarkerfinu, eins og þau eru skilgreind í 2. gr. tilskipunar 93/75/EBE ⁽⁴⁾,

⁽¹⁾ Stjtuð. EB L 196, 26. 7. 1990, bls. 1.

⁽²⁾ Tilskipun ráðsins 94/55/EB frá 21. nóvember 1994 um samræmingu á lögum aðildarríkjanna varðandi flutning á hættulegum farmi á vegum (Stjtuð. EB L 319, 12. 12. 1994, bls. 7). Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 96/86/EB (Stjtuð. EB L 335, 24. 12. 1996, bls. 43).

⁽³⁾ Tilskipun ráðsins 96/49/EB frá 23. júlí 1996 um samræmingu laga aðildarríkjanna að því er varðar flutninga á hættulegum farmi með jámbrautum (Stjtuð. EB L 235, 17. 9. 1996, bls. 25). Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 96/87/EB (Stjtuð. EB L 335, 24. 12. 1996, bls. 45).

⁽⁴⁾ Tilskipun ráðsins 93/75/EBE frá 13. september 1993 um lágmarkskröfur fyrir skip sem flytja hættulegar eða mengandi vörur til eða frá höfnum innan bandalagsins (Stjtuð. EB L 247, 5. 10. 1993, bls. 19). Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 97/34/EB (Stjtuð. EB L 158, 17. 6. 1997, bls. 40).

ákvæðum Evrópusamnings um millilandaflutninga á hættulegum farmi á skipgengum vatnaleiðum og í ákvæðum reglugerðar um flutninga á hættulegum efnum á Rín, eins og þau hafa verið felld inn í lög bandalagsins og tæknileg fyriræli um örugga flutninga á hættulegum farmi sem Alþjóðaflugmálastofnunin gefur út á gildistökuþegi þessarar tilskipunar.

2. gr.

Skilgreiningar

Í tilskipun þessari er merking hugtaka sem hér segir:

a) „Efnafræðilegur áhrifavaldur“: sérhvert frumefni eða efnasamband, stakt eða blandað, eins og það kemur fyrir í náttúrunni eða er framleitt, notað eða losað, þar með talið sem úrgangur úr hvers konar vinnslu, hvort heldur er af ásettu ráði eða ekki og hvort heldur það er sett á markað eða ekki.

b) „Hættulegur efnafræðilegur áhrifavaldur“:

i) sérhver efnafræðilegur áhrifavaldur sem fullnægir viðmiðunum um flokkun sem hættulegt efni, samkvæmt viðmiðunum í VI. viðauka við tilskipun 67/548/EBE, hvort heldur efnið er flokkað samkvæmt þeirri tilskipun eða ekki, þó ekki þau efni sem aðeins uppfylla viðmiðanir um flokkun sem efni hættuleg umhverfinu;

ii) sérhver efnafræðilegur áhrifavaldur sem fullnægir viðmiðunum um flokkun sem hættuleg efnablanda í skilningi tilskipunar 88/379/EBE, hvort sem efnablandan er flokkuð samkvæmt þeirri tilskipun eða ekki, þó ekki þær efnablöndur sem aðeins fullnægja viðmiðunum um flokkun sem efnablöndur hættulegar umhverfinu;

iii) sérhver efnafræðilegur áhrifavaldur sem hefur áhættu í för með sér að því er varðar öryggi og heilsu starfsmanna á grundvelli eðlisefnafræðilegra, efnafræðilegra eða eiturefnafræðilegra eiginleika sinna og notkunar eða tilvistar á vinnustað, enda þótt hann fullnægi ekki viðmiðunum um flokkun sem hættulegur efnafræðilegur áhrifavaldur í samræmi við i- og ii-lið, ásamt hverjum þeim efnafræðilega áhrifavaldi sem um eru sett viðmiðunarmörk fyrir váhrif í starfi samkvæmt 3. gr.

c) „Starf í tengslum við efnafræðilega áhrifavalda“: sérhvert starf sem efnafræðilegir áhrifavalda eru eða munu verða notaðir við, í hvers kyns ferli, þar á meðal framleiðslu, meðhöndlun, geymslu, flutning eða förgun og meðferð, eða þar sem slíkir áhrifavalda verða til við slík störf.

- d) „Viðmiðunarmörk fyrir váhrif í starfi“: eru, nema annað sé tekið fram, takmörk á tímavegnu meðaltali styrks efnafræðilegs áhrifavalds í lofti á öndunarsvæði starfsmanns á tilgreindu viðmiðunartímabili.
- e) „Líffræðileg viðmiðunarmörk“: mörk styrks tiltekins áhrifavalds í viðeigandi, líffræðilegu umhverfi hans, umbrotsefni hans eða vísbending um áhrif.
- f) „Heilbrigðiseftirlit“: mat á einstökum starfsmanni í því skyni að ákvarða heilsufar hans, með hliðsjón af váhrifum frá tilteknum efnafræðilegum áhrifavöldum sem hann kann að verða fyrir í starfi.
- g) „Hætta“: sá eðlislægi eiginleiki efnafræðilegs áhrifavalds að geta valdið skaða.
- h) „Áhætta“: líkur á því að skaði eigi sér stað við notkun og/eða váhrif.

3. gr.

Viðmiðunarmörk fyrir váhrif í starfi og líffræðileg viðmiðunarmörk

1. Framkvæmdastjórnin skal kanna tengslin milli áhrifa efnafræðilegra áhrifavalds á heilsu og stigs váhrifa í starfi með óháðu vísindalegu mati á nýjustu vísindagögnum sem fyrir hendi eru.

2. Framkvæmdastjórnin skal, á grundvelli matsins sem lýst er í 1. mgr. og að höfðu samráði við ráðgjafarnefndina um öryggi, hollustuhætti og heilsuvernd á vinnustöðum, leggja fram tillögu um evrópsk markmið í formi leiðbeinandi viðmiðunarmarkna um váhrif í starfi til að vernda starfsmenn gegn áhættu vegna efna, sem sett yrðu innan bandalagsins.

Þessi viðmiðunargildi skulu sett eða endurskoðuð með hliðsjón af því hvaða mæliaðferðir eru tiltækar í samræmi við málsmæðferðina sem mælt er fyrir um í 17. gr. tilskipunar 89/391/EBE. Aðildarríkin skulu tilkynna samtökum launþega og vinnuveitenda um leiðbeinandi viðmiðunarmörk fyrir váhrif í starfi sem sett eru innan bandalagsins.

3. Aðildarríkin skulu setja innlend viðmiðunarmörk fyrir váhrif í starfi að því er varðar sérhvern þann efnafræðilega áhrifavald, sem leiðbeinandi viðmiðunarmörk hafa verið

sett fyrir innan bandalagsins, með hliðsjón af viðmiðunarmörkum bandalagsins og ákvarða eðli hans í samræmi við innlend lög og venju.

4. Setja má bindandi viðmiðunarmörk fyrir váhrif í starfi innan bandalagsins og skulu þau, auk þátta sem hafðir voru til hliðsjónar þegar sett voru leiðbeinandi viðmiðunarmörk fyrir váhrif í starfi, endurspegla hagkvæmniþætti og vera í samræmi við það markmið að tryggja heilsu starfsmanna á vinnustað. Skulu slík viðmiðunarmörk ákveðin í samræmi við 118. gr. a í sáttmálanum og sett í I. viðauka við þessa tilskipun.

5. Aðildarríkin skulu setja samsvarandi bindandi innlend viðmiðunarmörk fyrir váhrif í starfi að því er varðar sérhvern þann efnafræðilega áhrifavald sem bindandi viðmiðunarmörk fyrir váhrif í starfi hafa verið sett fyrir og byggja á viðmiðunarmörkum bandalagsins en fara ekki yfir þau.

6. Ákvarða má bindandi líffræðileg viðmiðunarmörk innan bandalagsins á grundvelli matsins sem lýst er í 1. mgr. og tiltækra mæliaðferða og skulu þau vera framkvæmanleg og vera í samræmi við það markmið að tryggja heilsu starfsmanna á vinnustað. Slík viðmiðunarmörk skulu ákveðin í samræmi við málsmæðferðina í 118. gr. a í sáttmálanum og sett í II. viðauka við þessa tilskipun ásamt öðrum viðeigandi upplýsingum um heilbrigðiseftirlit.

7. Aðildarríkin skulu setja bindandi innlend, líffræðileg viðmiðunarmörk að því er varðar sérhvern efnafræðilegan áhrifavald sem bindandi líffræðileg viðmiðunarmörk hafa verið sett fyrir og skulu þau byggð á viðmiðunarmörkum bandalagsins en ekki fara yfir þau.

8. Þegar aðildarríki setur eða endurskoðar innlend viðmiðunarmörk fyrir váhrif í starfi eða innlend líffræðileg viðmiðunarmörk fyrir efnafræðilegan áhrifavald skal það tilkynna framkvæmdastjórninni og öðrum aðildarríkjum um það og senda með viðeigandi vísindaleg og tæknileg gögn. Framkvæmdastjórnin skal grípa til viðeigandi aðgerða.

9. Á grundvelli skýrslanna, sem aðildarríkin láta í té samkvæmt 15. gr., skal framkvæmdastjórnin láta fara fram mat á því hvernig aðildarríkin hafa tekið tillit til leiðbeinandi viðmiðunarmarkna bandalagsins við setningu samsvarandi innlendra viðmiðunarmarkna um váhrif í starfi.

10. Þróa skal, í samræmi við 2. mgr. 12. gr., staðlaðar aðferðir til að mæla og meta styrkleikamörk í lofti á vinnustað með hliðsjón af viðmiðunarmörkum fyrir váhrif í starfi.

II. ÞÁTTUR

SKYLDUR VINNUVEITENDA

4. gr.

Ákvörðun og mat á áhættu vegna hættulegra efnafraðilegra áhrifavalda

1. Þegar vinnuveitandi uppfyllir þær skyldur, sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 6. gr. og 1. mgr. 9. gr. tilskipunar 89/391/EBE, skal hann fyrst kanna hvort á vinnustaðnum séu hættulegir efnafraðilegir áhrifavaldar. Sé svo skal hann næst meta þá áhættu sem tilvist þessara efnafraðilegu áhrifavalda hefur í för með sér að því er varðar öryggi og heilsu starfsmanna, með tilliti til eftirfarandi:

- hættulegra eiginleika þeirra,
- upplýsinga varðandi öryggi og heilbrigði, sem birgir skal láta í té (þ.e. viðeigandi öryggisgögn í samræmi við ákvæði tilskipunar 67/548/EBE eða tilskipunar 88/379/EBE),
- stigs, eðlis og umfangs váhrifanna,
- vinnuástandna þar sem slíkir áhrifavaldar eru, þar á meðal hvert magn þeirra er,
- hvers kyns viðmiðunarmarkna um váhrif í starfi eða líffraðilegra viðmiðunarmarkna sem sett hafa verið á yfirráðasvæði hlutaðeigandi aðildarríkis,
- áhrifa forvarna sem hafa verið eða munu verða gerðar,
- fyrirliggjandi niðurstaðna úr hvers kyns heilbrigðiseftirliti, sem farið hefur fram.

Vinnuveitandi skal afla frekari upplýsinga, sem nauðsynlegar eru fyrir áhættumat, frá birgi og öðrum tiltækum heimildum. Þar sem við á skulu þessar upplýsingar taka til sértæka matsins á áhættu fyrir notendur sem byggist á löggjöf bandalagsins um efnafraðilega áhrifavalda.

2. Vinnuveitandi skal hafa undir höndum áhættumat í samræmi við 9. gr. tilskipunar 89/391/EBE og tilgreina hvaða ráðstafanir hafa verið gerðar í samræmi við 5. og 6. gr. þessarar tilskipunar. Áhættumatið skal skráð eins og við á og í samræmi við landslög og venjur og í því mega koma fram rök vinnuveitanda fyrir því að ástæðulaust sé að láta fara fram sértækt áhættumat sökum eðlis og umfangs þeirrar áhættu sem tengist efnafraðilegu áhrifavöldunum. Uppfæra skal áhættumatið reglubundið, einkum ef hafa orðið verulegar breytingar sem gera það úrelt eða ef niðurstöður heilbrigðiseftirlits sýna að slíkt sé nauðsynlegt.

3. Tiltekin störf innan fyrirtækisins eða stofnunarinnar á borð við viðhald, þar sem búast má við verulega meiri áhrifum en ella eða sem geta leitt til skaðlegra áhrifa á öryggi og heilsu manna af öðrum ástæðum, jafnvel þó að allar tæknilegar ráðstafanir hafi verið gerðar, skulu tekin með í áhættumat.

4. Þegar um er að ræða störf sem hafa í för með sér váhrif frá mörgum hættulegum efnafraðilegum áhrifavöldum skal áhættan metin á grundvelli þeirrar áhættu sem stafar samantlagt af öllum þessum efnafraðilegu áhrifavöldum.

5. Þegar um er að ræða nýtt starf sem tengist hættulegum efnafraðilegum áhrifavöldum skal vinna ekki hefjast fyrr en áhættumat á starfinu hefur farið fram og hvers kyns forvarnarráðstafanir, sem tilgreindar eru, gerðar.

6. Þróa skal, í samræmi við 2. mgr. 12. gr. hagnýtar leiðbeiningar um ákvörðun og mat á áhættu, um endurskoðun þeirra og, ef nauðsyn krefur, aðlögun.

5. gr.

Almennar grundvallarreglur um forvarnir vegna áhættu sem tengist hættulegum efnafraðilegum áhrifa-völdum og um beitingu þessarar tilskipunar varðandi áhættumat

1. Þegar vinnuveitandi uppfyllir þá skyldu sína að tryggja heilsu og öryggi starfsmanna við hvers kyns störf, sem tengjast hættulegum efnafraðilegum áhrifavöldum, skal hann sinna þeim nauðsynlegu forvörnum sem mælt er fyrir um í 1. og 2. mgr. 6. gr. tilskipunar 89/391/EBE og gera þær ráðstafanir sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun.

2. Koma skal í veg að heilsu og öryggi starfsmanna á vinnustað við störf, sem tengjast hættulegum efnafraðilegum áhrifavöldum, fylgi áhætta eða draga úr henni eins og kostur er með:

- hönnun og skipulagi vinnunnar á vinnustað,
- hentugum búnaði til vinnu með efnafraðilega áhrifa-valda og aðferðum við viðhald, sem tryggja heilsu og öryggi starfsmanna á vinnustað,
- því að draga eins og kostur er úr þeim fjölda starfsmanna, sem verður fyrir eða gera má ráð fyrir að verði fyrir váhrifum,
- því að draga eins og kostur er úr umfangi og styrk váhrifanna,
- viðeigandi hreinlætisráðstöfunum,
- því að draga svo sem kostur er úr magni efnafraðilegra áhrifavalda á vinnustaðnum við þá vinnu sem um ræðir,

— hentugum vinnuáferðum, þar á meðal fyrirkomulagi til öruggrar meðhöndlunar, geymslu og flutninga á hættulegum efnafræðilegum áhrifavöldum og úrgangi, sem inniheldur slíka efnafræðilega áhrifavalda, á vinnustað.

Þróa skal, í samræmi við 2. mgr. 12. gr., hagnýtar leiðbeiningar um forvarnir til að hafa stjórn á áhættu.

3. Leiði niðurstöður mats þess sem um getur í 1. mgr. 4. gr. í ljós áhættu að því er varðar heilsu eða öryggi starfsmanna skal beita þeim sértæku ráðstöfunum til verndar, forvarna og eftirlits sem mælt er fyrir um í 6., 7. og 10. gr.

4. Leiði niðurstöður áhættumats þess sem um getur í 1. mgr. 4. gr. í ljós að það magn hættulegra efnafræðilegra áhrifavaldsins, sem er til staðar á vinnustaðnum, hafi einungis í för með sér litla áhættu að því er varðar heilsu og öryggi starfsmanna og að þær ráðstafanir sem gerðar eru í samræmi við 1. og 2. mgr. þessarar greinar nægi til að draga úr þeirri áhættu skulu ákvæði 6., 7. og 10. gr. ekki gilda.

6. gr.

Sértækar ráðstafanir til verndar og forvarna

1. Vinnuveitandi skal tryggja að komið sé í veg fyrir áhættu vegna hættulegra efnafræðilegra áhrifavaldsins að því er varðar öryggi og heilsu starfsmanna eða dregið úr henni eins og kostur er.

2. Við beitingu 1. mgr. skal helst brugðist þannig við að vinnuveitandi forðist að nota hættulega efnafræðilega áhrifavaldinn og noti í hans stað hættulausan eða hættuminni efnafræðilegan áhrifavald eða aðferð að því er varðar öryggi og heilsu starfsmanna.

Ef ekki er unnt að koma í veg fyrir áhættu, sakir eðlis starfsins, með því að skipta einum áhrifavaldi út fyrir annan skal vinnuveitandi, með hliðsjón af vinnunni og áhættumatinu sem um getur í 4. gr., tryggja að dregið sé úr áhættunni eins og kostur er með beitingu ráðstafana til verndar og forvarna í samræmi við áhættumatið sem gert var samkvæmt 4. gr. Þær eru sem hér segir, í forgangsrið:

- hönnun viðeigandi vinnuferla og tæknilegs eftirlits og notkun hentugs búnaðar og efna í því skyni að koma í veg fyrir eða minnka losun hættulegra efnafræðilegra áhrifavalds sem kunna að hafa áhættu í för með sér að því er varðar öryggi og heilsu starfsmanna á vinnustað,
- beiting ráðstafana til verndar starfsmönnum almennt við upptök hættunnar, til að mynda með viðunandi loftræstingu og viðeigandi skipulagi,
- þar sem ekki er unnt að komast hjá váhrifum á annan hátt skal gera ráðstafanir til að vernda einstaklinginn, til að mynda nota persónuhlífar.

Þróa skal, í samræmi við 2. mgr. 12. gr., hagnýtar leiðbeiningar um ráðstafanir til verndar og forvarna til að stýra áhættunni.

3. Í kjölfar ráðstafananna, sem um getur í 2. mgr. þessarar greinar, skal fara fram heilbrigðiseftirlit, í samræmi við 10. gr., ef það hæfir eðli áhættunnar.

4. Hafi vinnuveitandi ekki sýnt greinilega fram á það með öðrum matsáferðum, í samræmi við 2. mgr., að forvarnir og vernd séu með viðunandi hætti, skal hann, með reglubundnu millibili og þegar breytingar verða á aðstæðum sem kunna að varða þau váhrif sem starfsmenn verða fyrir frá efnafræðilegum áhrifavöldum, gera nauðsynlegar mælingar á efnafræðilegum áhrifavöldum, sem kunna að hafa í för með sér áhættu að því er varðar heilsu starfsmanna á vinnustað, einkum með hliðsjón af viðmiðunarmörkum fyrir váhrif í starfi.

5. Vinnuveitandi skal taka tillit til niðurstaðna málsmeðferðarinnar sem um getur í 4. mgr. þessarar greinar við framkvæmd skuldbindinga þeirra sem mælt er fyrir um eða sem leiðir af 4. gr.

Ætíð þegar farið hefur verið yfir viðmiðunarmörk fyrir váhrif í starfi, sem sett hafa verið á yfirráðasvæði aðildarríkis, skal vinnuveitandi þegar í stað, með hliðsjón af eðli viðmiðunarmarkanna, grípa til ráðstafana til úrbóta með því að gera ráðstafanir til verndar og forvarna.

6. Á grundvelli heildarmats á og almennra grundvallarreglna um forvarnir gegn áhættu í 4. og 5. gr. skal vinnuveitandi gera ráðstafanir er varða tækni og/eða skipulag, sem hæfa eðli starfseminnar, þar á meðal varðandi geymslu, meðferð og aðgreiningu ósamrýmanlegra efnafræðilegra áhrifavalds, og sjá til þess að starfsmönnum sé ekki hætta búin vegna eðlisefnafræðilegra eiginleika efnafræðilegu áhrifavaldanna. Hann skal gera ráðstafanir og forgangsraða þeim sem hér segir:

- koma í veg fyrir að á vinnustað séu eldfim efni í hættulegum styrkleika eða hættulegt magn efnafræðilega óstöðugra efna eða, leyfi eðli vinnunnar það ekki,
- forðast að til staðar séu íkveikjuvaldar sem gætu orsakað eldsvoða og sprengingar eða erfiðar aðstæður sem gætu valdið því að efnafræðilega óstöðug efni eða efnablöndur valdi líkamstjóni, og
- draga úr skaðlegum áhrifum á heilsu og öryggi starfsmanna við eldsvoða eða sprengingar af völdum eldfimra efna eða líkamstjóns vegna efnafræðilega óstöðugra efna eða efnablandna.

Vinnutæki og öryggiskerfi, sem vinnuveitandi lætur í té til verndar starfsmönnum, skulu uppfylla viðeigandi bandalagsákvæði um hönnun, framleiðslu og afhendingu, að því er varðar heilsu og öryggi. Ráðstafanir er varða tækni og/eða skipulag sem vinnuveitandi gerir skulu hafa hliðsjón af og vera í samræmi við flokkun búnaðar í I. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/9/EB frá 23. mars 1994 um samhæfingu laga aðildarríkjanna varðandi búnað og öryggiskerfi sem eru ætluð til notkunar á sprengihættustöðum⁽¹⁾.

Vinnuveitandi skal gera ráðstafanir til að tryggja fullnægjandi eftirlit með verksmiðju, búnaði og vélum eða láta í té búnað til að kæfa áhrif sprenginga eða gera öryggisráðstafanir vegna sprengjuþrýstings.

7. gr.

Ráðstafanir til að bregðast við slysum, óhöppum og neyðarástandi

1. Með fyrirvara um skyldur þær sem mælt er fyrir um í 8. gr. tilskipunar 89/391/EBE og í því skyni að tryggja öryggi og vernda heilsu starfsmanna gegn slysum, óhöppum eða neyðarástandi á vinnustað, sem tengjast hættulegum efnafæðilegum áhrifavöldum, skal vinnuveitandi koma á skipulagi (aðgerðaáætlunum) sem grípa má til þegar slíkur atburður á sér stað svo brugðist verði við á réttan hátt. Þessar ráðstafanir skulu taka til hvers kyns viðeigandi öryggisæfinga, sem skulu fara fram með reglulegu millibili, auk viðeigandi aðstöðu til að veita skyndihjálp.

2. Ef atburður, eins og þeir sem getið er í 1. mgr., eiga sér stað skal vinnuveitandi þegar í stað gera ráðstafanir til að draga úr áhrifum þeirra og gera hlutaðeigandi starfsmönnum viðvart um það.

Í því skyni að koma aðstæðum aftur í eðlilegt horf skal:

- vinnuveitandi gera viðeigandi ráðstafanir til úrbóta svo skjótt sem unnt er,
- einungis þeim starfsmönnum sem brýn þörf er á að sinni viðgerðum og annarri nauðsynlegri vinnu heimilt að fara inn á svæðið sem um ræðir.

3. Þeim starfsmönnum, sem er heimilt að starfa á viðkomandi svæði, skal látinn í té viðeigandi hlífðarfatnaður, persónuhlífar, sérstakur öryggisbúnaður og öryggistækjakostur, sem þeir skulu nota svo lengi sem ástandið varir. Ástandið má ekki vera varanlegt.

Óvörðum starfsmönnum er óheimilt að vera á svæðinu sem um ræðir.

4. Með fyrirvara um 8. gr. tilskipunar 89/391/EBE skal vinnuveitandi gera nauðsynlegar ráðstafanir til að setja upp viðvörunarkerfi og önnur samskiptakerfi sem nauðsynleg

eru til að gefa merki um aukna áhættu að því er varðar öryggi og heilsu, svo að unnt sé að bregðast við á réttan hátt og setja tafarlaust í gang aðgerðir til úrbóta, hjálpar, undankomu og björgunar ef nauðsyn krefur.

5. Vinnuveitandi skal tryggja að upplýsingar um neyðarástafanir, sem tengjast hættulegum efnafæðilegum áhrifavöldum, séu fyrir hendi. Viðeigandi slysavarna- og björgunarþjónusta, innan húss sem utan, skal hafa aðgang að þessum upplýsingum. Þar á meðal skal:

- tilkynna fyrirfram um hættur á vinnustað, aðferðir við að greina hættu, varúðarráðstafanir og skipulag, til að björgunarþjónustan geti komið upp eigin skipulagi til að bregðast við og gera varúðarráðstafanir; og
- gefa hvers kyns tiltækar upplýsingar um sértækar hættur sem koma upp eða búast má við að komi upp, þegar slys verður eða neyðarástand skapast, þar með taldar upplýsingar um skipulag sem undirbúið er samkvæmt þessari grein.

8. gr.

Upplýsingar fyrir starfsmenn og þjálfun þeirra

1. Með fyrirvara um 10. og 12. gr. tilskipunar 89/391/EBE skal vinnuveitandi tryggja að starfsmenn og/eða fulltrúar þeirra fái:

- gögnin sem aflað er samkvæmt 4. gr. þessarar tilskipunar og að þeim sé auk þess tilkynnt um allar umfangsmiklar breytingar á vinnustað sem leiða til breytinga á þessum gögnum,
- upplýsingar um hættulega efnafæðilega áhrifavalda á vinnustað, svo sem um hvaða áhrifavalda er að ræða, þá áhættu sem þeir hafa í för með sér að því er varðar öryggi og heilsu manna, viðeigandi viðmiðunarmörk fyrir váhrif í starfi og önnur lagaákvæði,
- þjálfun og upplýsingar um viðeigandi varúðarráðstafanir og aðgerðir sem þeir skulu grípa til í því skyni að vernda sjálfa sig og aðra starfsmenn á vinnustaðnum,
- aðgang að hvers kyns öryggisgögnum sem birgir lætur í té, í samræmi við 10. gr. tilskipunar 88/379/EBE og 27. gr. tilskipunar 92/32/EBE⁽²⁾;

og að upplýsingarnar séu:

- veittar með hætti sem samræmist niðurstöðum áhættumatsins samkvæmt 4. gr. þessarar tilskipunar. Getur verið um að ræða allt frá munnlegum tjáskiptum til leiðbeiningar og þjálfunar fyrir hvern og einn, ásamt skriflegum upplýsingum, allt eftir eðli og umfangi áhættunnar, sem matið, sem krafist er í téðri grein, leiðir í ljós,
- uppfærðar með hliðsjón af breyttum aðstæðum.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 100, 19. 4. 1994, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 154, 5. 6. 1992, bls. 1.

2. Ef geymar og pípur undir hættulega efnafræðilega áhrifavalda, sem notaðir eru á vinnustað, eru ekki merkt í samræmi við viðeigandi lög bandalagsins um merkingu efnafræðilegra áhrifavalda og viðvörðunarskilti á vinnustöðum skal vinnuveitandi, með fyrirvara um undanþágur sem kveðið er á um í áðurgreindum lögum, tryggja að innihald þessara gáma og pípa, eðli þess og hvers kyns hættur er því tengjast, komi skýrt og greinilega fram.

3. Aðildarríkin geta gert nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að vinnuveitendur geti, fari þeir fram á það, fengið allar upplýsingar um hættulega efnafræðilega áhrifavalda, sem þörf er á til beitingar 1. mgr. 4. gr. þessarar tilskipunar, helst frá framleiðanda eða birgi, svo fremi að í tilskipunum 67/548/EBE og 88/379/EBE felist engin skylda til að láta í té upplýsingar.

III. ÞÁTTUR

ÝMIS ÁKVÆÐI

9. gr.

Bönn

1. Til að koma í veg fyrir að starfsmenn verði fyrir váhrifum frá tilteknum efnafræðilegum áhrifavöldum og/eða sinni störfum, sem tengjast efnafræðilegum áhrifavöldum, sem felur í sér áhættu fyrir heilsu þeirra, skal framleiðsla, gerð eða notkun efnafræðilegu áhrifavaldanna á vinnustað og þau störf, sem talin eru upp í III. viðauka, bönnuð að því marki sem þar er tilgreint.

2. Aðildarríkjunum er heimilt að leyfa undanþágur frá kröfunum í 1. mgr. við eftirfarandi kringumstæður:

- í vísindalegum tilgangi og til prófunar eingöngu, að greiningu meðtalinni,
- vegna starfa sem er ætlað að fjarlægja þá efnafræðilegu áhrifavalda sem koma fyrir í aukaafurðum eða úrgangsefnum,
- við framleiðslu þeirra efnafræðilegu áhrifavalda sem um getur í 1. mgr. og nota á sem milliefni, svo og til notkunar af slíku tagi.

Koma verður í veg fyrir að starfsmenn verði fyrir váhrifum frá þeim efnafræðilegu áhrifavöldum sem um getur í 1. mgr., einkum með því að kveða á um að framleiðsla og fyrsta hugsanlega notkun efnafræðilegu áhrifavaldanna sem milliefna eigi sér stað í einu lokuðu kerfi og að einungis sé heimilt að fjarlægja þá þegar það er nauðsynlegt til að gera mælingar á ferlinu eða sinna viðhaldi kerfisins.

Aðildarríkjunum er heimilt að kveða á um kerfi fyrir veitingu einstakra starfsleyfa.

3. Þegar undanþágur eru heimilaðar samkvæmt 2. mgr. skal þar til bært yfirvald krefjast þess að vinnuveitandi leggi fram eftirfarandi upplýsingar:

- ástæðuna fyrir því að farið var fram á undanþágu,
- magn það af efnafræðilega áhrifavaldinum sem notað er árlega,
- þau störf og/eða efnahvörf eða ferli sem um ræðir,
- fjölda starfsmanna sem búast má við að um verði að ræða,
- varúðarráðstafanir sem fyrirhugaðar eru til að tryggja öryggi og vernda heilsu viðkomandi starfsmanna,
- ráðstafanir er varða tækni og skipulag sem gerðar eru til að koma í veg fyrir að starfsmenn verði fyrir váhrifum.

4. Ráðinu er heimilt, í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 118. gr. a í sáttmálanum, að breyta bannlistanum í 1. mgr. þessarar greinar til að bæta í hann fleiri efnafræðilegum áhrifavöldum eða störfum.

10. gr.

Heilbrigðiseftirlit

1. Með fyrirvara um 14. gr. tilskipunar 89/391/EBE skulu aðildarríkin skipuleggja framkvæmd viðeigandi heilbrigðiseftirlits fyrir þá starfsmenn sem matið, sem um getur í 4. gr., leiðir í ljós að búa við heilsufarsáhættu. Þessar ráðstafanir, þar á meðal kröfurnar sem tilgreindar eru varðandi skýrslur um heilsufarssögu einstaklinga og váhrif sem þeir hafa orðið fyrir og það hversu tiltækar slíkar skýrslur eru skulu skipulagðar í samræmi við innlend lög og/eða venjur.

Heilbrigðiseftirlit, en höfð skal hliðsjón af niðurstöðum þess við beitingu forvarna á þeim vinnustað sem um ræðir, er við hæfi þegar:

- þau váhrif frá hættulegum efnafræðilegum áhrifavaldi, sem starfsmaður verður fyrir, eru slík að til þeirra má greinilega rekja sjúkdóm eða neikvæð áhrif á heilsu, og
- búast má við að sjúkdómurinn eða váhrifin geti skapast við þær sérstöku aðstæður sem starfsmaðurinn vinnur við,
- rannsóknaraðferðin felur í sér litla áhættu fyrir starfsmenn.

Enn fremur skulu vera fyrir hendi skilvirkar aðferðir til að greina merki um sjúkdóminn eða áhrifin.

Þar sem sett hafa verið bindandi líffræðileg viðmiðunarmörk, eins og um getur í II. viðauka, skal heilbrigðiseftirlit vera lögboðið skilyrði fyrir því að vinna með tiltekinn hættulegan efnafræðilegan áhrifavald, í samræmi við málsmeðferðina í þeim viðauka. Tilkynna ber starfsmönnum um þessa kröfu áður en þeim eru falin störf, sem fela í sér möguleika á váhrifum frá hættulega efnafræðilega áhrifavaldinum sem um ræðir.

2. Aðildarríkin skulu gera ráðstafanir til að tryggja að haldnar séu skýrslur um heilsufarssögu einstakra starfsmanna sem gangast undir heilbrigðiseftirlit samkvæmt kröfum 1. mgr. og þau váhrif sem þeir hafa orðið fyrir og að skýrslunum sé haldið við.

3. Í skýrslum um heilsufarssögu og váhrif skal vera yfirlit yfir niðurstöður heilbrigðiseftirlits, sem farið hefur fram og hvers kyns gögn um eftirlitið sem eru einkennandi fyrir váhrifin sem einstaklingurinn hefur orðið fyrir. Líffræðilegt eftirlit og tengdar kröfur geta verið hluti af heilbrigðiseftirlitinu.

Skýrslur um heilsufarssögu og váhrif skulu varðveittar eins og við á þannig að unnt sé að fletta upp í þeim síðar, að teknu tilliti til trúnaðarskyldu.

Afrit af viðkomandi skýrslum skulu afhent lögbæru yfirvaldi að beiðni þess. Einstakir starfsmenn skulu, fari þeir fram á það, hafa aðgang að skýrslum um heilsufarssögu og váhrif er varða þá persónulega.

Sé starfsemi fyrirtækisins lögð niður skal veita lögbærum yfirvöldum aðgang að skýrslum um heilsufarssögu og váhrif.

4. Ef heilbrigðiseftirlit leiðir í ljós:

— greinilegan sjúkdóm hjá starfsmanni eða neikvæð áhrif á heilsu, sem lækni eða sérfræðingur í atvinnusjúkdómum telur að séu afleiðingar þess að hlutaðeigandi hafi orðið fyrir váhrifum frá hættulegum efnafræðilegum áhrifavaldi á vinnustað, eða

— að farið hefur verið yfir bindandi líffræðileg viðmiðunarmörk,

skal lækni eða annar hæfur einstaklingur tilkynna starfsmanninum um niðurstöðuna, þar á meðal veita honum upplýsingar og ráðgjöf varðandi hvers kyns heilbrigðiseftirlit sem hann ætti að gangast undir eftir að váhrifin hætta, og

vinnuveitandi skal:

— endurskoða áhættumatið sem gert var samkvæmt 1. mgr. 4. gr.,

— endurskoða ráðstafanirnar til að útiloka eða draga úr áhættu samkvæmt 5. og 6. gr.,

— taka tillit til ráða sérfræðings í atvinnusjúkdómum eða annars hæfs manns eða lögbærs yfirvalds og ráðast í nauðsynlegar ráðstafanir til að koma í veg fyrir eða draga úr áhættu í samræmi við 6. gr., þar á meðal kæmi til greina að fela starfsmanninum annað starf sem hefur enga váhrifaáhættu í för með sér, og

— skipuleggja stöðugt heilbrigðiseftirlit og sjá til þess að heilsufar allra annarra starfsmanna, sem hafa orðið fyrir svipuðum váhrifum, sé endurskoðað. Í slíkum tilvikum kann þar til bær lækni eða sérfræðingur í atvinnusjúkdómum eða lögbært yfirvald að leggja til að allir, sem hafa orðið fyrir váhrifum, gangist undir lækni- og skoðun.

11. gr.

Samráð við starfsmenn og þátttaka þeirra

Haft skal samráð við starfsmenn og/eða fulltrúa þeirra, í samræmi við 11. gr. tilskipunar 89/391/EBE, um þau mál-efni sem þessi tilskipun og viðaukarnir við hana taka til.

12. gr.

Aðlögun viðaukanna, undirbúningur og samþykkt tæknilegra leiðbeininga

1. Samþykkja skal tæknilega aðlögun viðaukans í samræmi við:

— samþykkt tilskipana um tæknilega samhæfingu og stöðlun að því er varðar efnafræðilega áhrifavalda, og/eða

— tækniframfarir, breytingar á alþjóðlegum stöðlum eða tækniforskriftum og nýja vitneskju um efnafræðilega áhrifavalda,

og málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 17. gr. tilskipunar 89/391/EBE.

2. Framkvæmdastjórnin skal semja hagnýtar leiðbeiningar sem ekki eru bindandi. Þessar leiðbeiningar skulu fjalla um efnin sem um getur í 3., 4., 5. og 6. gr. og í 1. lið II. viðauka.

Framkvæmdastjórnin skal fyrst hafa samráð við ráðgjafarnefndina um öryggi, hollustuhætti og heilsuvernd á vinnustöðum í samræmi við ákvörðun 74/325/EBE.

Í tengslum við beitingu þessarar tilskipunar skulu aðildarríkin taka, eins og kostur er, tillit til þessara leiðbeininga við mörkun innlendrar stefnu til að tryggja öryggi og vernda heilsu vinnandi manna.

13. gr.

Niðurfelling og breyting á eldri tilskipunum

1. Tilskipanir 80/1107/EBE, 82/605/EBE og 88/364/EBE falli úr gildi á þeim degi sem tilgreindur er í 1. mgr. 14. gr.

2. Eftirfarandi breytingar eru gerðar á tilskipun ráðsins 83/477/EBE frá 19. september 1983 um verndun starfsmanna gegn áhættu vegna áhrifa af asbesti á vinnustöðum (önnur sértilskipun í skilningi 8. gr. tilskipunar 80/1107/EBE) ⁽¹⁾:

a) í fyrsta málslíð 1. mgr. 1. gr. falli eftirfarandi orð niður:
„sem er önnur sértilskipun í skilningi 8. gr. tilskipunar 80/1107/EBE“;

b) í stað 2. mgr. 9. gr. komi eftirfarandi:

„2. Breytingarnar, sem nauðsynlegar eru til að aðlaga viðaukana við þessa tilskipun í því skyni að taka mið af tækniframförum, skulu gerðar í samræmi við málsmæðferðina sem lýst er í 17. gr. tilskipunar ráðsins 89/391/EBE frá 12. júní 1989 um lögleiðingu ráðstafana er stuðla að bættu öryggi og heilsu starfsmanna á vinnustöðum (*).“

(*) Stjttíð. EB L 183, 29. 6. 1989, bls. 1.“;

c) í annari undirgrein 1. mgr. 15. gr. komi eftirfarandi í stað orðanna „á þann hátt sem mælt er fyrir um í 10. gr. tilskipunar 80/1107/EBE“:

„á þann hátt sem mælt er fyrir um í 17. gr. tilskipunar 89/391/EBE“.

3. Eftirfarandi breytingar eru gerðar á tilskipun ráðsins 86/188/EBE frá 12. maí 1986 um verndun starfsmanna gegn áhættu vegna áhrifa hávaða á vinnustöðum ⁽²⁾:

a) í fyrsta málslíð 1. mgr. 1. gr. falli eftirfarandi orð niður:
„sem er þriðja sértilskipun í skilningi tilskipunar 80/1107/EBE“;

b) í stað annarrar undirgreinar 2. mgr. 12. gr. komi eftirfarandi:

„Laga skal I. og II. viðauka að tækniframförum samkvæmt tilhögun þeirri sem sett er fram í 17. gr. tilskipunar ráðsins 89/391/EBE frá 12. júní 1989 um lögleiðingu ráðstafana er stuðla að bættu öryggi og heilsu starfsmanna á vinnustöðum (*).“

(*) Stjttíð. EB L 183, 29. 6. 1989, bls. 1.“

4. Aðrar tilvísanir, sem er að finna í tilskipunum 83/477/EBE og 86/188/EBE til tilskipunar 80/1107/EBE, úreldast á þeim degi sem téð tilskipun fellur úr gildi.

5. Tilskipanir 91/322/EBE og 96/94/EB gilda áfram.

IV. ÞÁTTUR

Lokaákvæði

14. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórn-sýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 5. maí 2001. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni þau ákvæði úr landslögum sem þau hafa þegar samþykkt eða samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

15. gr.

Aðildarríkin skulu gefa framkvæmdastjórninni skýrslu á fimm ára fresti um eiginlega framkvæmd ákvæða þessarar tilskipunar þar sem fram koma sjónarmið vinnuveitenda og starfsmanna.

Framkvæmdastjórnin skal tilkynna það Evrópuþinginu, ráðinu og efnahags- og félagsmálanefndinni.

16. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

17. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Lúxemborg, 7. apríl 1998.

Fyrir hönd ráðsins,

D. BLUNKETT

forseti.

⁽¹⁾ Stjttíð. EB L 263, 24. 9. 1983, bls. 25. Tilskipuninni var breytt með tilskipun 91/382/EBE (Stjttíð. EB L 206, 29. 7. 1991, bls. 16).

⁽²⁾ Stjttíð. EB L 137, 24. 5. 1986, bls. 28.

I. VIÐAUKI

SKRÁ YFIR BINDANDI VIÐMIÐUNARMÖRK FYRIR VÁHRIF Í STARFI

Heiti áhrifavalds	EINECS-nr. ⁽¹⁾	CAS-nr. ⁽²⁾	Viðmiðunarmörk fyrir váhrif í starfi 8 klst. ⁽³⁾		Viðmiðunarmörk fyrir váhrif í starfi Skammtímaváhrif ⁽⁴⁾	
			mg/m ³ ⁽⁵⁾	ppm ⁽⁶⁾	mg/m ³	ppm
Ólífrænt blý og blýsambönd			0,15			

⁽¹⁾ EINECS: *European Inventory of Existing Commercial Chemical Substances* (Evrópuskrá yfir markaðssett kemísk efni).

⁽²⁾ CAS: *Chemical Abstracts Service*

⁽³⁾ Mæld eða reiknuð miðað við átta stunda viðmiðunartíma, tímavegið meðaltal.

⁽⁴⁾ Viðmiðunarmörk, en ofan þeirra ættu váhrif ekki að geta átt sér stað, miðað við 15 mínútna tímabil, nema annað sé tekið fram.

⁽⁵⁾ mg/m³ = milligrömm á rúmmetra lofts við 20°C og 101,3 Kpa.

⁽⁶⁾ ppm = hlutar af milljón miðað við rúmmál í lofti (ml/m³).

*II. VIÐAUKI***BINDANDI LÍFFRÆÐILEG VIÐMIÐUNARMÖRK OG HEILBRIGÐISEFTIRLIT****1. Blý og jónsambönd þess**

- 1.1 Í líffræðilega eftirlitinu skal felast mæling á blýmagni í blóði (PbB) með gleypnirófsmælingu eða annarri aðferð er gefur jafngildar niðurstöður. Bindandi líffræðilegu viðmiðunarmörkin eru:

70 µg Pb/100 ml af blóði

- 1.2 Læknisskoðun skal fara fram ef:

- starfsmenn verða fyrir váhrifum frá andrúmslofti þar sem blýmagn er meira en 0,075 mg/m³, reiknað sem tímavegið meðaltal 40 klukkustunda á viku, eða
- blýmagn í blóði einstakra starfsmanna er meira en 40 µg Pb/100 ml.

- 1.3 Hagnýtar leiðbeiningar fyrir líffræðilegt eftirlit og læknisskoðun skulu þróaðar í samræmi við 2. mgr. 12. gr. Í þeim skulu vera tilmæli um líffræðilegar vísbendingar (t.d. ALAU, ZPP, ALAD) og skipulag líffræðilegs eftirlits.

III. VIÐAUKI

BÖNN

Framleiðsla, gerð eða notkun á vinnustað á efnafræðilegu áhrifavöldunum og störf, sem tengjast efnafræðilegum áhrifavöldum, er koma fram hér að neðan eru óheimil. Bannið gildir ekki ef efnafræðilega áhrifavaldinn er að finna í öðrum efnafræðilegum áhrifavaldi, eða er hluti úrgangs, enda sé styrkur einstakra áhrifavalda fyrir neðan viðmiðunarmörkin sem tilgreind eru.

a) **Efnafræðilegir áhrifavaldar**

EINECS-nr. ⁽¹⁾	CAS-nr. ⁽²⁾	Heiti áhrifavalds	Styrkleikamörk fyrir undanþágu
202-080-4	91-59-8	2-naftýlamín og sölt þess	0,1 % w/w
202-177-1	92-67-1	4-amínódífenýl og sölt þess	0,1 % w/w
202-199-1	92-87-5	bensidín og sölt þess	0,1 % w/w
202-204-7	92-93-3	4-nítródífenýl	0,1 % w/w

⁽¹⁾ EINECS: *European Inventory of Existing Commercial Chemical Substances* (Evrópuskrá yfir markaðssett kemísk efni)

⁽²⁾ CAS: *Chemical Abstracts Service*

b) **Störf**

Engin.